

Skýrsla félagsmálafulltrúa vorönn 2011

Félagsmálafulltrúi er tengiliður milli kennara og nemenda og styður við heilbriggt og skapandi félagslíf nemenda í skólanum.

Vikulegir fundir nemendaráðs hinir svokölluðu mánudagsfundir komu skemmtilega á óvart. Félagsmálafulltrúi sat þá alla utan einn. Þrenningin, formaður, gjaldkeri og ritari, vann stórkostlega vel saman. Eftir fyrstu fundina var nokkuð ljóst að félagsmálafulltrúi gat treyst þessari forystu. Allt á hreinu og meira að segja svolítil fundarstjórn. Nemendaráð var meðvitað um fjármálastöðu sína og hugsaði fram í tímann við skipulagningu á atburðum. Þar var leikritið ofarlega á baugi en vitað var fyrirfram að kostnaður yrði meiri en innkoma. Að þessu sinni var söngleikur og var það í raun brot á hefð vegna þess að hingað til hefur leikfélagið sýnt söngleiki annað hvert ár. Erfiðleikar voru með húsnæði og ómögulegt að fá húsnæði á Selfossi. Málinu lyktaði þannig að Hólmaröst varð fyrir valinu sem hentaði ágætlega þegar upp var staðið. Hins vegar var aðsókn dræm og þá sérstaklega af nemendum skólans. Því þarf að breyta. Íþróttaráðsformannsskipti urðu um mánaðamótin janúar febrúar. Nemendaráð var ósátt við hlutleysi nemenda, sófalýðræði, aðgerðaleyfi og röfl. Nemendur gera kröfu um gott og öflugt félagslíf en gera lítið til að styðja við það sem gert er og mæta jafnvel ekki nógu vel. Eitthvað sem þarf að athuga.

Á vikulegum fundum skólaráðs er gott tækifæri til að miðla upplýsingum milli nemendaráðs og stjórnenda skólans. Fundirnir eru þarfir og skila miklu. Fyrir vikið er gott upplýsingaflæði á milli nemendaráðs og stjórnenda og þannig er komið í veg fyrir misskilning eða uppákomur af ýmsu tagi. Eins kynnast þeir aðilar sem sitja fundina þökkalega, andrúmsloftið er létt og vinalegt þó alvaran liggi undir.

Félagsmálafulltrúi vinnur í forvarnarteymi ásamt forvarnarfulltrúa og námsráðgjafa að mótun og framkvæmd forvarnastefnu. Þriðjudagsfundir forvarnarteymisins voru afar gagnlegir. Þessa önn fékk verkefnið *Skólinn í okkar höndum* töluverða athygli en meðal annars sem farið var yfir var okkar innlegg á *Kátum dögum*, framkvæmd *Flóafárs* og þá helst hvernig staðið er að því að velja í liðin. Hvernig til tókst þessa daga og hvað mætti betur fara. Afstaða félagsmálafulltrúa þessa önn er sú að kennarar eigi að skipta sér sem minnst af *Flóafárinu*. Það er nemendanna. Þeir eru einhvers konar afl þegar þeir vinna að undirbúningi. Heilsueflandi framhaldsskóli var að auki á dagskrá og vann forvarnarteymið að skipulagningu og undirbúningi fyrir næsta skólaár þegar FSu verður heilsueflandi skóli. Í aðdraganda dansleikja var farið yfir helstu atriði. Hvað hefur breyst til batnaðar, við hvað er erfitt að ráða? Hvaða ráð höfum við og hversu langt má ganga? Á böllum í dag er ágætt skipulag. Öll tilfelli eru skráð í þar til gerða möppu og hringt heim.

Ráðstefna forvarnar- og félagsmálafulltrúa á landsvísu var 14. mars 2011 í nýja Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Greinilega unnið gott starf í skólum landsins, öflugt og áhugasamt fólk sem starfar að þessum málaflokki.

Dagatal

Fyrsti viðburður annarinnar, **14. janúar**, Morfís, mótherjinn MR. Okkar lið tapaði en krökkunum fannst rosalega gaman og fannst mikilvægt að FSu héldi áfram þátttöku. Kvöldvaka, **20. janúar** – mættu fáir en notaleg stemmning.

Vinna við Káta daga að hefjast.

Árshátíð á Hótel Selfossi **11. febrúar** – aftur eftir hlé í fjögur ár. Nemendur lögðu áherslu á þátttöku kennara og starfsfólks. Vægt til orða tekið voru undirtektir dræmar. Skólameistari og aðstoðarskólameistari mættu ásamt þremur kennurum.

Skemmtiatriði frá kennurum var ansi langt frá því að vera skemmtilegt. Nemendur voru til fyrirmyndar, lítið um ölvun á ballinu og áfallalaust.

Lazer tag í skólanum að kvöldlagi **24. febrúar** – skritin stemmning í skólanum en greinlegt að þátttakendur lifðu sig inn í leikinn.

Kátir dagar **2. og 3. mars**.

Gettu betur-liðið komst í átta liða úrslit en tapaði fyrir MR í sjónvarpsviðureign **5. mars**.

Flóafár **4. mars** – nýr íþróttaráðsformaður stóð sig með sóma sem og íþróttaráð. 80's ball – **11. mars**.

16. mars – hestamót, framhaldsskólamót – stórglæsilegur sigur. Hins vegar vandræðagangur með úrtökumót hér í skólanum og nauðsynlegt að búa til verkferil. Úrtökumótið virðist alltaf koma jafnmikið á óvart, árlega.

Alla leið heim – söngleikur, frumsýning **18. mars**. Stórkostleg leiksýning sem átti erindi við nemendur og allt áhugafólk um leikhús. Hvernig er hægt að virkja fólk til þess að mæta?

Söngkeppni fyrir norðan **9. apríl** – systurnar stóðu sig vel og voru sér og skólanum til sóma. Hins vegar forvitnilegt að upplifa það hversu mikill vandræðaviðburður söngkeppnin sjálf virðist vera. Keppnin er ekki á vegum skólanna en út á við lítur það vissulega þannig út.

Bingó og kvöldvaka **14. apríl**, krúttlegt kvöld.

Nota Bene – gaman ef blaðið kæmi fyrr út og um það myndi skapast umræða.

13. maí – lokaball.

16. maí 2011.

Ragnhildur Elísabet.